



2. tbl. 40. árg. febrúar. 2005


Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíurborgar

Ársskýrsla stjórnar og orlofshúsaúthlutun

Aðalfundur St.Rv.

verður haldinn 5. mars kl. 13.00
á Grettisgötu 89, 4. hæð





Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar,
Grettisgötu 89,
105 Reykjavík.
Sími: 525 8330
Fax: 525 8339
Tölvupóstfang: strv@bsrb.is
Heimasíða: www.strv.is
Ábyrgðarmaður: Sjöfn Ingólfssdóttir.
Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir
Ritnefnd: Guðjón Indriðason, Örn Erlendsson og Ragnhildur Helgadóttir
Umbrot: Jakobína Þórðardóttir
Hönnun: PJE ERR
Prentun: Hjá OSS ehf.
Bókband: Bókavirkni
Forsíðumynd: Bára
Aðrar myndir: Jóhanna Þórdórsdóttir, Þorleifur Óskarsson og Jakobína Þórðardóttir

Aðalfundur félagsins var haldinn laugar- daginn 6. mars 2004 að Grettisgötu 89. Fundarstjóri var Gísli Árni Eggertsson. Formaður, Sjöfn Ingólfssdóttir flutti skýrslu um félagsstarfið á liðnu ári og Ása Clausen gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Síðan svöruðu þær fyrirspurnum sem bárust að loknum þeirra framsögum.

Gunnar Ingi Jónsson, formaður kjör- stjórnar tilkynnti tillögur uppstillinga- nefndar til **stjórnar**. Engin mótframboð bárust við tillögu uppstillinganefndar og voru því sjálfkjörin til stjórnar: For- maður Sjöfn Ingólfssdóttir og aðrir stjórnarmenn, Garðar Hilmarsson, Guðrún Árnadóttir, Jakobína Þórðar- dóttir, Jónas Engilbertsson og Pétur Frantzson. Fyrir í stjórn voru: Þórdís Sigurðardóttir, Víglundur Rúnar Jóns- son, Guðrún Valdemarsdóttir, Ása Clausen og Björn Arnórsson. Áheyrnar- fulltrúi deildar eftirlaunafólks var Sverrir Axelsson

Tillaga gjaldkera um óbreytt árgjöld félagsmanna, þ.e. 1% af öllum launum var samþykkt.

Sem **félagskjörin skodunarmenn** voru kosin þau: Kolbrún Hauksdóttir, Úlfar Teitsson.

Til vara: Guðrún Elisabet Árnadóttir.

Eftirtaldir voru kosnir í **stjórn Styrktar- sjóðs**: Gunnar Ingi Jónsson, Pétur Frantzson og Sverrir Axelsson.

Í stjórn **Menningar og kynningarsjóðs** voru kjörin: Guðrún Valdemarsdóttir, Örn Erlendsson og Bryndís Oddsdóttir.

Í **stjórn Vinnudeilusjóðs**: Ása Clausen, Garðar Hilmarsson og Þorgrímur Hallgrímsson.

Til vara: Guðmundur Ísídórsson og Anna Árnadóttir.

Stjórn Orlofsheimilásjóðs: Hafdís Sig- urðardóttir, Jón Höskuldsson og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Eftirtaldir ályktanir voru samþykktar á aðalfundi St.Rv. laugardaginn 6. mars 2004:

Ályktun nr. I

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 minnr á hvatningu 40. þings BSRB haustið 2003 til aðildarfélaganna að þau beiti sér fyrir því að lágmarkslaun á samningstíma næstu kjarasamninga verði ekki lægri en 150 þúsund krónur á mánuði. Fundurinn vísar því á bug að atvinnuvegirir og þjóðarbúið þoli ekki að almennu launafólki séu borguð mannsæmandi laun meðan nægir peningar virðast vera fyrir ofurlaunum margra stjórnenda og ævintýralegum tekjum fjármálamanna. Fundurinn varar líka við því að lækkun skatta verði að einhverju látin bæta upp launahækkunir, enda eru skattalækkunir ávísun á að þjónustugjöld verði tekin upp eða hækkuð og dregið úr kjarajöfnun skatt- kerfisins. Fundurinn tekur undir yfir- skrift 40. þings BSRB: Réttlátir skattar - undirstaða velferðar.

Ályktun nr. II

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 fordæmir siendurteknar uppákomur í heilbrigðiskerfinu sem koma niður á bæði notendum þess og starfsfólki. Það er með ólíkindum, eftir margra ára umfjöllun um heilbrigðiskerfið og hagræðingu á sjúkrahúsunum, að ríkisstjórnin skuli skammta sjúkrahúsunum fjármagn sem greinilega er of lítið og gera stjórnir þeirra ábyrgar fyrir vandanum sem skapast.

Á sama hátt þvær ríkisstjórnin hendur sínar af því neyðarástandi sem hefur skapast í heimahjúkruninni á höfuð- borgarsvæðinu. Í báðum tilvikum er um að ræða forkastanlega framkomu gagn- vart starfsfólkinu sem og notendum þjónustunnar.

Þegar bæði sjúkrahúsin og heimahjúkr- unin eru í uppnámi vegna aðgerða stjórnenda og stjórnvalda leggur Versl- unarráð Íslands í mikla áróðursherferð

um kosti einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu. Það er engu líkara en verið sé að plægja akurinn fyrir einkavæðingu þar sem heilbrigðiskerfið verði gert að féþúfu. Fundurinn varar við hugmyndum um að breytt rekstarform, eins og ýmis konar form einkarekstrar er gjarnan kallað, sé töfralausn á rekstarvanda heilbrigðiskerfisins.

Ályktun nr. III

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 endurtekur ályktun aðalfundar síðasta árs þar sem skorað er á Reykjavíkurborg að greiða mótframlag til viðbótarlífeyrissparnaðar með sama hætti og ríkið og atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði.

Það er óviðunandi að félagið skuli þurfa að álykta um það ár eftir ár að félagsmenn þess njóti í þessu sam-

bærilegra réttinda við þorra annars launafólks. Fundurinn væntir þess að ekki þurfi enn einu sinni að álykta í þessa veru að ári.

Ályktun nr. IV

Aðalfundur St.Rv. haldinn 6. mars 2004 skorar á stjórn heilsugæslunnar í Reykjavík að ganga nú þegar til samninga við starfsfólk heimahjúkrunar og aflétta þar með því alvarlega ástandi sem skapast hefur.

Stjórnin

Eins og venja er til skipti stjórnin með sér verkum á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.

Formaður Sjöfn Ingólfsdóttir, varaformaður Jakobína Þórðardóttir, gjaldkeri Ása Clausen og ritari Garðar Hilmarsson, sem einnig er formaður B- hluta félagsins. Sú breyting varð á stjórninni 1. september s.l. að Ása Clausen gjaldkeri gekk út úr stjórninni og réðist frá sama tíma til starfa á skrifstofa félagsins í stað Birnu Stefánsdóttur sem þá lét af störfum eftir langt og gifturíkt starf. Við gjaldkeraembættinu tók Víglundur Rúnar Jónsson.

Stjórnin hélt 18 fundi á árinu og 1. fulltrúar deilda komu til funda með stjórninni einu sinni í mánuði með örfáum undantekningum þó síðustu vikur ársins, sem fyrst og fremst stafaði af miklum önnum og fundahöldum vegna innleiðingar starfsmats, sem 1. fulltrúar tóku þátt í að skipuleggja og stjórna hver á sínum stað.

Auk almennrar fræðslu og upplýsinga á stjórnar- og fulltrúaráðsfundum, sóttu stjórnarmenn margskonar fyrirlestra, málfundi og ráðstefnur á liðnu starfsári og skulu hér nefnd nokkur dæmi þar um.

Stjórnarmenn sóttu Forystufræðslu BSRB, námskeið sem haldin voru í Munaðarnesi s.l. vor. Námið var sérstaklega sniðið að þörfum stjórnarmanna í aðildarfélögum bandalagsins og var skipulagt með þeim



hætti að hóparnir komu saman þrisvar sinnum til staðbundinnar fræðslu en stunduðu fjarnám þess á milli.

Stjórnin hélt vinnufund á Úlfjótavatni þann 20. september s.l. Þeir sem áttu heimangengt fóru austur að kvöldi þess 19. Því öðrum þræði var efni þessa fundar að gefa stjórnarmönnum færi á að skoða og njóta nýrrar og bættrar aðstöðu á svæðinu eftir stækkun orlofshúsanna, tilkomu heitu pottanna og annarra þæginda. Snemma morguns var svo hafist handa og ræddu stjórnarmenn helstu verkefni og málefni á borðum stjórnar sérstaklega í ljósi þeirra miklu og hraðfara breytinga sem rekstur borgarinnar og borgarstofnana virðist stefna í og hafa mun víðtæk áhrif á vinnuáætlun og störf fjölmargra félagsmanna á næstu misserum.

Árni Þór Sigurðsson forseti borgarstjórnar var gestur fundarins og flutti erindi um framtíðarsýn borgaryfirvalda hvað varðaði rekstur borgarinnar og þjónustu einstakra borgarstofnana og fyrirtækja. Eftir erindi Árna svaraði hann margvíslegum spurningum stjórnarmanna.

Guðrún Valdemarsdóttir og Sjöfn Ingólfsdóttir sátu ráðstefnu á vegum Félagsmálaráðuneytisins sem bar yfirskriftina "Önýtt starfsorka" þar sem fjallað var um stöðu eldri starfsmanna á vinnumarkaði.

St.Rv. tók þátt í, ásamt Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og fleiri, að skipuleggja fjölmenna ráðstefnu sem bar yfirskriftina "Bætt liðan – Betri skóli" sem haldin var á Hótel Nordica í janúarmánuði. Stjórnarmenn og fjölmargir trúnaðarmenn félagsins í

grunnskólum sóttu ráðstefnuna. Jakobína Þórðardóttir tók þátt í kynnisferð á vegum Starfsmenntaráðs sem farin var til Skotlands, þar sem þátttakendur kynntu sér m.a. á hvern hátt staðið væri að starfsmenntamálum þar í landi.

Þau Guðrún Árnadóttir, Guðrún Valdemarsdóttir og Viglundur Rúnar Jónsson voru fulltrúar félagsins á fundi BSRB um Velferðarþjónustuna og réttindi launafólks í Evrópusambandinu sem haldinn var Föstudaginn 29. október s.l. Þar héldu erindi framkvæmdastjóri og varaformaður EPSU, Evrópusambands starfsfólks í almannajónustu, þær Carola Fischbach-Pyttel og Anne-Marie Perret.

EPSU, Evrópusamband starfsfólks í almannajónustu, er málsvari 193 stéttarféлага og sambanda í 33 lönd-

um Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. EPSU kemur fram fyrir hönd starfsfólks í almannajónustu gagnvart valdastofnunum ESB.

Garðar Hilmarsson og Sjöfn Ingólfsdóttir sóttu ráðstefnu NTR og NSO (Norræn samtök bæjar- og ríkisstarfsmanna) sem haldin var í Oulu í Finnlandi dagana 12.- 15. ágúst s.l. Umræðuefni þessarar ráðstefnu var m.a. um norrænu velferðarþjónustuna – umfang og innihald (Velferðens grænser), hreyfanleika vinnu- markaðarins innan Evrópu og skipulag opinberrar þjónustu í Norræna velferðarkerfinu s.s. hvernig verkaskiptingu – ríkis- og sveitarféлага væri háttáð.

Félagið er aðili að NTF, Norræna flutningaverkamannasambandinu fyrir hönd Vagnstjóra hjá Strætó bs.

Jónas Engilbertsson hefur haldið utanum það samstarf fyrir hönd stjórnar og hefur, ásamt Sigurbirni Halldórssyni sótt fundi á vegum samtakanna. NTF heldur stærri ráðstefnur annað hvert ár og sérstaka deildarfundi þess á milli. Enginn slíkur fundur var sóttur héðan á árinu, en fylgst með þeim upplýsingum sem berast reglulega. NTF eru norræn samtök stéttarféлага starfsmanna með um 400.000 meðlimi, sem starfa við hverskonar flutninga, á fólki og/eða vörum, á sjó, landi og í lofti.

Skrifstofa St.Rv.



Skrifstofa St.Rv. er opin daglega frá kl. 08.00 til 16.00. Félagið hefur á að skipa hæfum starfsmönnum sem leggja alúð sína í að veita félagsmönnum góða alhliða þjónustu. Starfsmenn eru alls 5. Auk formanns þau, Jakobína Þórðardóttir, Garðar Hilmarsson, Gunnar Ingi Jónsson og

Ása Clausen sem hóf störf á haustdögum í stað Birnu Stefánsdóttur sem þá lét af störfum eftir rúmlega 30 ára farsælt starf. Starfsferill Birnu hjá félaginu verður ekki rakinn hér í smáatriðum, en víst er að margt hefur á dagana drifið þessi ár, miklar breytingar hafa átt sér

stað hjá félaginu, sem og í þjóðfélaginu öllu, formenn, stjórnarmenn og félagsmenn hafa komið og farið. Þáttur Birnu sem stóð vaktina allan þennan tíma, fyrstu árin eini starfsmaðurinn, er ómetanlegur og órjúfanlegur þáttur í sögu félagsins. Við sem síðar réðust til starfa höfum notið visku hennar og vináttu. Fyrir hönd félagsmanna allra þökkum við hennar frábæru þjónustu og óskum henni hamingjuríkra daga um alla framtíð.

Þau Jakobína og Garðar stunda bæði nám meðfram vinnu sinni á skrifstofu félagsins, Garðar í Rekstrar- og stjórnunarnámi sem haldið er í samstarfi Félagsmálaskóla alþýðu og Háskólans á Akureyri og Jakobína í Verkefnastjórnun- og leiðtogaþjálfum Endurmenntun HÍ.

Fulltrúaráð

Markmiðið er að halda einn fulltrúaráðsfund í mánuði yfir vetrarmánuðina frá september til maí og árið 2004 voru haldnir 8 fulltrúaráðsfundir.

Á liðnu starfsári var farið eftir fræðsluáætlun félagsins þar sem gert er ráð fyrir að á hverjum fundi ráðsins fari jöfnum höndum fram upplýsingagjöf, almennar umræður og fræðsla. Fengnir hafa verið ýmsir fyrirlesarar á þessa fundi til að ræða um eða skýra ýmis mál sem brenna á hverju sinni, og hefur það mælst vel fyrir.

Á fyrsta fundi fulltrúaráðsins sem haldinn var 8. janúar var eins og lög gera ráð fyrir, kjörin uppstillinga-nefnd og formaður hennar.

Á þeim fundi fór ennfremur fram mikil umræða um þann drátt sem orðinn var á framkvæmd kjarasamnings varðandi starfslaun, framkvæmd starfsmats og ekki síður þann ágreining sem orðinn var uppi milli félagsins og borgarinnar varðandi greiðslu hæfnislauna. Í árskýrslu vegna 2003 var ítarlega gerð grein fyrir þessum ágreiningi, tilöguf lutningi og umræðu innan Fulltrúaráðsins, samstarfinu við Eflingu stéttarfélag og Kjarafélag tæknifræðinga og að lokum því samkomulagi sem náðist við borgina og undirritað var þann 26. janúar 2004 um framkvæmd málsins og verður því ekki tíundað hér frekar.

Guðmundur Bjarnason framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs var annar gesta Fulltrúaráðsins á fundi 19. febrúar. Hann skýrði núverandi lánakerfi sjóðsins, þær breytingar sem eru til umræðu, að hækka íbúðalán uppí 90% af verði íbúðarhúsnæðis, og hvaða áhrif þær breytingar kynnu að hafa á stöðu sjóðsins og vinnubrögð. Hinn gesturinn var **Helgi Guðbergsson trúnaðarlæknir Reykjavíkurborgar**, sem sagði frá hverjar væru helstu skyldur þessa embættis, hvaða reglur um það giltu og almennt hvaða verkefni bærust á borð embættisins.

Báðum þessum erindum var vel tekið, framsögumenn svöruðu fjölda fyrirspurna úr sal og spunnust fjöruugar umræður út frá erindum þeirra.



Einn af gestum fulltrúaráðsins Hjálmar Sveinsson dagskrárgerðarmaður hjá RÚV og Jónas Engilbertsson úr stjórn að spyrja út úr

Fundur ráðsins sem haldinn var 18. mars var helgaður fræðslu og umræðu um gang mála í Starfsmatsferlinu. **Guðrún Halldóra Sveinsdóttir og Garðar Hilmarsson** fluttu erindi um Starfsmatskerfið – vinnuferlið og stöðu mála. Guðrún Árnadóttir ræddi um “Að fara í starfsmatsviðtal” og þau Jónas Engilbertsson og Þórdís Sigurgestsdóttir sögðu frá áliti sínu á því “Að fylgjast með í starfsmatsviðtali”.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi var gestur Fulltrúaráðsins í apríl og flutti erindi um stefnu borgaryfirvalda varðandi svokallaðar Þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar. Rakti hann hver væru helstu markmið og tilgangur þessara breytinga, umfang þeirra og innihald. Fundarmenn höfðu fjölmargar spurningar fram að færa að loknu erindi Dags, sem hann svaraði eftir bestu getu svo sem tími gafst til.

Hjálmar Sveinsson dagskrárgerðarmaður hjá RÚV heimsótti ráðið 1. júní og flutti erindi sem bar heitið: „Fjölmíðlar – fjórða valdið. Áhrif og staða fjölmiðlunar á Íslandi“. Í erindinu fjallaði Hjálmar m.a. um þá umræðu sem svokölluð Fjölmíðlalög höfðu hrint af stað í Þjóðfélaginu og hugsanleg áhrif þessara laga á fréttalutning og stöðu frjálsrar fjölmiðlunar í landinu.

Þann 23. september kom á fund Fulltrúaráðs **Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ** og bar erindi hans yfirskriftina: Vaxtamál húsnæðis-

lána. Miklar breytingar höfðu orðið frá fundi ráðsins þann 19. febrúar þegar Guðmundur Bjarnason ræddi um Íbúðalánasjóð, stöðu hans og skyldur. Bankarnir höfðu boðið, þegar hér var komið sögu, allt að 100% lán á lægri vöxtum en áður höfðu þekkt fyrir “vildarviðskiptavini” og fjallaði Ólafur Darri um þessa nýju stöðu og hugsanleg áhrif hennar á markaðinn og stöðu lántakenda almennt. Góður rómur var gerður að erindi Ólafs og svaraði hann spurningum fundarmanna að loknu erindi sínu.

Jens Andrésson formaður SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu, kom á fund ráðsins 21. október og flutti erindi undir yfirskriftinni: “Kröfur og væntingar SFR í komandi kjarasamningum við ríkið”. Samningar SFR við ríkið eru lausir í lok nóvember og sagði Jens samninga-nefnd félagsins hafa sett sér tíma-setta framkvæmdaáætlun. Hann fjallaði um samningsstöðuna almennt, yfirstandandi verkfall KÍ og þau áhrif sem samningar þeirra myndu hafa á framhaldið. Helstu áhersluatriði SFR sagði hann vera: Stytting vinnuvikunnar, hækkun lægstu launa með kröfu 40. þings BSRB á oddinum um 150 þúsund kr. lágmarkslaun, almenna hækkun launa, aukinn kaupmátt og að útrýmt yrði óútskýranlegum launamun kynjanna.

Á sama fundi greindi **Einar Ólafsson bókaforður** frá för sinni og Páls H. Hannessonar sem þeir fóru á vegum BSRB, á EURO SOCIAL FORUM í

London þar sem áfram var haldið að ræða um hnattvæðingu og einkavæðingarstefnu og var fundur þessi, (FORUM) framhald þeirrar umræðu sem hófs í Seattle í USA árið 1999 þegar þúsundir mótmæltu hnattvæðingarstefnunni í tilefni af fundi Alþjóðaviðskiptabankans.

Kristjana Stella Blöndal og Heiður Hrund Jónsdóttir kynntu helstu niðurstöður svokallaðrar HASLA-skýrslu, viðamikillar launa- og kjararannsóknar sem unnin var af Félagsvísindstofnun Háskóla Íslands fyrir

Hagfræðistofnun heildarsamtaka starfsfólks í almannajónustu, en það er samstarfsvettvangur BSRB, KÍ, BHM og SÍB skammstafað HASLA –sem til varð í framhaldi af því að Þjóðhagsstofnun var lögð niður og tilteknum föstum verkefnum, sem sú stofnun áður hafði, var færð til annarra aðila s.s. BSRB, ASÍ o.fl.

Skýrslunni hafði áður verið dreift til Fulltrúaráðsmanna sem höfðu því haft tækifæri á að kynna sér efni hennar að einhverju leiti. Ástæða er til að hvetja félagsmenn til að kynna sér efni skýrslunnar, aðgengilegt er

t.d. að skoða kafla III – “niðurstöður í hnotskurn” en skýrluna má nálgast á heimasíðu BSRB, www.bsrb.is

Á desemberfundi Fulltrúaráðsins sem haldinn var þann 20. var slegið á jólalegar nótur, í heimsókn komu systkynin **Ragnheiður og Haukur Gröndal** og fluttu okkur ljúfa tónlist, útbýtt var jólaglaðningi og í lok fundar gæddu fundarmenn sér á súkkulaði með rjóma og jólaglegu meðlæti hjá þeim öndvegiskonum Steinunni og Guðlaugu, húsmæðrunum okkar hér í BSRB-húsinu.

B- hluti

B-hluti St.Rv.

Aðalfundur B-hluta félagsins var haldinn í marsmánuði 2004 í tengslum við aðalfund St.Rv. eins og lög gera ráð fyrir.

Skrifað var undir kjarasamning við Skýrr hf. 25. júní s.l. og gildir samningurinn til 31. desember 2007.

Kjarasamningur félagsins við Félagsbústaði h/f rann út 30. apríl 2004 og urðu aðilar sammála um að framlengja samninginn til 30. desember 2004 og þegar þetta er skrifað standa yfir viðræður um gerð nýs kjarasamnings.



Frá undirritun samkomulags borgarinnar við félög innan BSRB um móttframlag borgarinnar ef félagsmenn ákveða að leggja fyrir í séreignasparnað.

Kjaramál

Eins og áður er framkomandi, var í skýrslu ársins 2003 og í Fréttabréfi félagsins 1. tbl. febrúar 2004 gerð ítarleg grein fyrir þeim ágreiningi, sem uppi var við borgina í upphafi árs og þeirri umræðu sem fram fór í öllum stofnunum félagsins, stjórn, samninganefnd og Fulltrúaráði í samvinnu við Eflingu og Kjarafélag Tæknifræðinga um þau mál. Ágreiningi sem endaði með samkomulagi við borgina (26. janúar 2004) um framgang kjarasamningsins, að starfsheiti birtust á launaseðlum frá og með 1. mars, að hæfnislaun a) komi til framkvæmda og um “tafabætur” sem fólust í því að 3% almenn hækkun launa sem tók gildi hinn 1. janúar skyldi færast fram um 4 mánuði.

Ennfremur var Starfsmatsnefndinni settur strangur tímarammi um að ljúka starfsmatsviðtölum og launatengingu starfsmats um miðjan október 2004 og að greidd yrðu laun samkvæmt því 1. nóv. 2004.

Óþarft er því að rekja þann aðdraganda nánar hér í löngu máli. Er skemmt frá því að segja, að þessi ásetningur gekk eftir, 1. mars 2004 voru greiddar hinar svokölluðu tafabætur og starfsheiti komu fram á launaseðlum. Starfsmatsnefndinni tókst að skila sínu verkefni á tilsettum tíma, og laun voru greidd eftir niðurstöðum Starfsmats samkvæmt áætlun. Allar þessar breytingar miðuðust við gildistíma kjarasamningsins, voru því afturvirkar frá 1. desember 2002.

Þegar niðurstöður lágu fyrir fór í gang mikið sameiginlegt kynningarstarf, skipulagt af hálfu samningsaðila, fjölmennir fundir voru haldnir þar sem forsvarsmenn verkefnisins voru í aðalhlutverkum við að skýra vinnubrögð, aðferðafræðina, launatenginguna og helstu niðurstöður. Jafnframt hefur verið kappkostað að halda vinnustaðafundi sem allra víðast og voru fjölmargir slíkir haldnir s.s. í Grunnskólum, með starfsmönnum Borgarbókasafns og Skjalasafns og öðrum söfnum, með starfsmönnum ÍTR, hjá Umhverfis- og tæknisviði, í Ráðhúsi, svo aðeins örfá dæmi séu nefnd.

Á heimasíðu félagsins sem og í Fréttabréfinu hefur skilmerkilega, allt

s.l. ár verið gerð grein fyrir framgangi þessa máls alls og nú síðast í 1. tbl. Fréttabréfsins 2005, sem út kom í janúar s.l. er sérstaklega fjallað um Starfsmatið og tilurð þess, þ.e. um hvað var samið og markmið kjarasamningsins. Þar eru tekin viðtöl við nokkra félagsmenn, fulltrúa félagsins í starfsmatsnefnd og verkefnisstjóra Starfsmats og þeir inntir eftir skoðunum sínum, sem auðvitað eru margar og misjafnar og markast af aðkomu hvers og eins.

Hægt er að fullyrða, að okkur hafi miðað nokkuð vel á veg með þessum mikilvægu áföngum sem tókst að hrinda í framkvæmd á árinu. Enn er þó langt í land, aðeins fyrsta skrefið af mörgum hefur verið stigið. Aldrei var við því búist, né ráð fyrir gert, að unnt yrði að eyða öllum launamun og færa öll störf til réttar röðunar til launa í þessu fyrsta skrefi. Markmið samningsaðila er þó skýrt – að leiðrétta starfslaun í áföngum á grundvelli starfsmatskerfisins.

Strætó bs., sem nú hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin launadeild, fylgdi í

öllu sömu dagsetningum og vinnubrögðum um framkvæmd samningsins, sem viðhöfð voru hjá Reykjavíkurborg. Hinn 28. júní s.l. var svo undirritað samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur sf. um hliðstæðar bætur til starfsmanna vegna tafa á framkvæmd gildandi kjarasamnings. Samkomulag þetta er í anda fyrrgreinds samkomulags sem St.Rv. ásamt Eflingu o.fl. gerðu við borgina og lýst er hér að framan.

Eitt af því sem legið hefur þungt á félagsmönnum í St.Rv. frá því gildandi kjarasamningur var undirritaður er sú afstaða borgarinnar að fallast ekki á að taka þátt í séreignalífeyrisparnaði starfsmanna á sama hátt og ríkið og aðrir vinnuveitendur þessa lands. Það var því mikilvægur og ánægjulegur áfangi í höfn þegar í desember s.l. samkomulag náðist við borgina um þetta atriði sem tók síðan gildi 1. janúar 2005. Í framhaldi af því hefur samskonar samkomulag verið gert við Strætó bs og þegar þetta er skrifað eru fleiri slíkir samningar í

farvatninu við aðra viðsejendur félagsins sem á sínum tíma fylgdu fordæmi borgarinnar í þessum efnum. Kjarasamningur St.Rv. við ríkið rann út í lok nóvember og fól St.Rv., sem og önnur félög innan BSRB bandalaginu að leita samkomulags um gerð viðræðuáætlunar svo sem skylt er samkvæmt lögum. Skipuð var samninganefnd af hálfu félagsins sem mót- að hefur og lagt fram kröfugerð. Segja má að grunnur að þeirri kröfugerð hafi í raun þegar verið lagður að stórum hluta og vísast þar til umræðu og samþykkt frá 40. þingi BSRB sem haldið var 22. til 24. október 2003. Þar fór meðal annars fram umræða um lágmarkslaun og gætur þeirrar umræðu í kröfugerðinni. Mikið og gott samstarf er við SFR – stærsta félagið innan BSRB sem gerir kjarasamning við ríkið og mun St.Rv. leitast eftir að fara í kjölfar þeirra. Þegar þetta er skrifað hafa verið haldnir þrjár formlegir fundir með samninganefnd ríkisins.

Styrktarsjóður BSRB

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er aðili að Styrktarsjóði BSRB ásamt 28 stéttarfélögum innan BSRB. Sjóðurinn var að ljúka sínu fjórða starfsári.

Á aðalfundi sjóðsins sem haldinn var 19. nóv. s.l. flutti formaður, Garðar Hilmarsson skýrslu stjórnar. Fram kom m.a. að sjóðurinn var stofnaður með samkomulagi við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og hóf starfsemi 1. janúar 2001.

Tekjur sjóðsins voru árið 2001 kr. 49.562 þús., 2002 kr. 70.907 þús., 2003 kr. 71.160 og fyrstu átta mánuði ársins 2004 kr. 48.960 þús. Inneign í sjóði 1. okt. 2004 er kr. 156.346 þús.

Úthlutaðir styrkir eru árið 2002 kr. 11.891 þús. og árið 2003 kr. 20.050 þús., en ekkert var úthlutað árið 2001. Enn stefnir í hækkun útgjalda því fyrstu átta mánuði ársins 2004 er upphæðin kr. 31.368 þús.

Fjöldi styrkja eykst í öllum flokkum milli ára, þó mest í flokkunum, krabbameinsleit, sjúkraþjálfun, líkams-

rækt og sjúkranudd. En í þessum flokkum eru styrkir nánast tvöfalt fleiri 2003 en 2002. Einnig er fyrir séð að styrkjum fjölgar milli árana 2003 og 2004.

Árið 2004 var bætt við styrkjaflokkum, teknir voru inn styrkir til ættleiðinga, glasafríjvgunar, tæknisæðinga, laseraðgerða á augum og styrkir til sjónglerjakaupa.

Samþykkt var breyting á reglugerð sjóðsins sem gengur út á það, að félagar í sjóðnum öðlist fulla aðild eftir 1 mánuð, komi þeir úr öðrum sambærilegum styrktarsjóði og hafi haft þar full réttindi.

Nokkrar breytingar urðu á úthlutunarreglum sjóðsins 1. janúar s.l. hvað varðar t.d. að styrkir til tannlæknisáðgerða eru nú sérstakur liður í reglunum. Allar upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins og annað er að finna á vefsíðunni:

www.styrktarsjodur.bsrb.is

Rétt er að undirstrika þá staðreynd, að tekjur styrktarsjóðsins eru 0,3% af heildarlaunum sjóðfélaga, en í

sambærilega sjóði á almenna vinnu- markaðnum renna 1% af heildarlaunum. Þann mun þarf að jafna þegar fram líða stundir.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir:

Garðar Hilmarsson Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sem er formaður stjórnar, Þórveig Þormóðsdóttir Félagi starfsmanna stjórnarráðsins er ritari stjórnar, og meðstjórnendur eru Kristín Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélagi Íslands, Margrét Björnsdóttir Starfsmannafélagi Fjarðabyggðar og Torfi Friðfinnsson Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi.

Varamenn eru þeir Gunnar Hrafn Richardsson Starfsmannafélagi Garðabæjar og Guðlaugur Magni Davíðsson Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Starfsmenn sjóðsins eru þau: Ástríður Jónsdóttir, Lilja Ómarsdóttir og forstöðumaður er Ólafur Bjarni Andrésson.

Starfsmenntun – og Vísindasjóður

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs hélt 6 fundi á árinu. Samþykktar umsóknir voru 556 og úthlutað var kr. 16.6 milljónum, sem eru afar hliðstæðar tölur eins og árið 2003. Í stjórninni eru:

Frá Reykjavíkurborg, Soffía Kjaran og Friðrik Friðriksson.

Frá St.Rv., Sjöfn Ingólfsdóttir og Guðrún Guðjónsdóttir.

Félagsmenn eru eins og fyrr duglegir að sækja sér starfsmenntun af marg-

vislegum toga. Margar umsóknir eru jafnan um fagnámskeið af ýmsu tagi, tölvu- og málanám, kvöldnám í Fjölbrautarskólum er vaxandi þáttur svo og nám við endurmenntunarstofnun HÍ.

Stjórn Vísindasjóðs hélt tvo fundi á árinu, eins og reglugerð mælir fyrir um. Úthlutað var 129 styrkjum að upphæð 11.2 milljónir króna.

Aðild að þessum sjóði hafa eingöngu þeir sem hafa háskólamenntun og að

viðkomandi menntun sé krafist í því starfi sem þeir gegna.

Hér gildir það sama og um Starfsmenntunarsjóðinn, metnaður félagsmanna til aukinnar menntunar lýsir sér í fjölbreyttu námsvali þeirra.

Gunnar Ingi Jónsson, er starfsmaður beggja sjóðanna.

gunnaringi@strv.bsrb.is

Ársfundir Lífeyrissjóða

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var haldinn 21. maí 2004, í fundarsal BSRB, 4. hæð Grettisgötu 89.

Dagskrá fundarins var samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Fulltrúar BSRB í stjórn LSS eru, Elín Björg Jónsdóttir og Sjöfn Ingólfsdóttir og til vara Ögmundur Jónasson og Björg Bjarnadóttir. Aðrir í stjórn: Halldóra

Friðjónsdóttir frá BHM og frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga, Helga Jónsdóttir, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson og Karl Björnsson.

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var haldinn föstudaginn 02. júní 2004 í húskynnum BSRB á Grettisgötu 89.

Helga Jónsdóttir, borgarritari setti fundinn og stýrði honum. Jón G. Kristján-

son flutti ársskýrslu sjóðsstjórnar og kynnti ársreikninga, fjárfestingarstefnu stjórnar og tryggingafræðilega athugun.

Í stjórn LsRb eru Sjöfn Ingólfsdóttir og Þorgrímur Hallgrímsson frá St.Rv. og Helga Jónsdóttir, Steinar Harðarson og Benedikt Geirsson frá Reykjavíkurborg Starfsemi sjóðanna er að Vegmúla 2, sími 540-0700 og vefsíðan er:

www.lss.is.

Jólaball



Eins og undanfarin ár efndi félagið, í samvinnu við SFR, til jólatrésskemmtunar fyrir félagsmenn og börn þeirra og var það haldið þriðjudaginn 28. desember í Súlnasal Hótel Sögu. Hljómsveitin Mistilteinn spilaði fyrir dansi, jólasveinar komu í heimsókn og veitingar voru framreiddar.

Sumarferð eftirlaunafólks



Tvær tilbúnar í slaginn.



Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjórinn og Elin Björg Jónsdóttir formaður FOSS sem leiddi okkur gegnum "þorpið sitt".



Hópurinn átti notalega stund í kirkjunni en saga hennar og ekki síður kirkjugarðsstæðisins ber samheldni þessa bæjarfélags gott vitni.

Að venju var efnt til sumarferðar 14. deildar félagsins og að þessu sinni voru dagarnir 23. og 24. júní valdir til ferðarinnar. Farið var frá Grettisgötu 89 snemma morguns og ekið austur um til Hvolsvallar þar sem að var stutta stund. Þá lá leiðin kringum Pétursey á leið að Kirkjubæjarklaustri og síðan var farið um Meðalland til baka að Skógum. Þar beið ferðalanga dýrindis kvöldverður með öllu tilheyrandi, sem menn gerðu góð skil. Gist var að Skógum um nóttina í mjög góðum herbergjum og seinni dagur byrjaði á veglegu morgunverðar hlaðborði. Flestir fóru og skoðuðu hið margrómaða byggðasafn að Skógum en um hádegi var svo lagt af stað, ekið var upp á Dyrhólaey og hið ægífagra útsýni þaðan skoðað þó rigningar suddi væri. Síðan var ekið sem leið liggur með auðvitað hefðbundnum stoppum til Þorlákshafnar.

Við bæjarmörkin þar tók á móti hópnum Elin Björg Jónsdóttir formaður FOSS (Félags opinberra starfsmanna á suðurlandi) og leiddi okkur gegnum "þorpið sitt" eins og hún sjálf orðaði það stolt. Við áttum notalega stund í kirkjunni en saga hennar og ekki síður kirkjugarðsstæðisins ber samheldni þessa bæjarfélags gott vitni. Við lituðumst um niður við höfn, ókum fram á fjörुकamb og þó ekkert brim væri þá stundina, var auðvelt að ímynda sér þau átök sem þar eiga sér stað þegar Ægir fer hamförum, um það bera björgin stóru vitni. Og þau eiga sér nöfn, því þarna var t.d. hann Latur, sem einhvern tíman hafði hallað sér út af fyrir neðan fjörुकambinn og ákveðið að fara hvergi. Við skoðuðum nýlega byggingu með íbúðum fyrir eldri borgara, fallegt og skemmtilega hannað hús og þar stóðu íbúarnir í opnum dyrum

heimila sinna og buðu okkur að ganga í bæinn.

Að þessari skoðunarferð lokinni var ekið að Ráðhúsi sveitarfélagsins Ölfuss, myndarlegri byggingu við Hafnarberg 1, sem hýsir aðalskrifstofur sveitarfélagsins, en auk þess m.a. almenningsbókasafn staðarins, veitingahúsið Ráðhúskaffi og glæsilega funda- og veislusali. Þar beið okkar bæjarstjórinn Ólafur Áki Ragnarsson ásamt fríðu föruneyti frá Ráðhúskaffinu með hlaðið kaffiborð. Hann bauð okkur velkomin og sagði okkur frá helstu starfsemi sveitarfélagsins og stiklaði á stóru um sögu þess – hvernig á tiltölulega stuttum tíma, staðurinn breyttist úr sveit í bæ.

Eftir allar þessar höfðinglegu og einlægu móttökur kvöddum við Þorlákshöfn með þakklæti í huga ásamt góðum óskum íbúum til handa og héldum alsæl heim á leið síðla dags.

Um undirbúning að þessari ferð fyrir hönd félagsins sáu þau: Þórdís Sigurðardóttir, Hafdís Sigurðardóttir og Sverrir Axelsson, leiðsögumaður var Þórunn Þórðardóttir, sem leiftraði af fróðleik og fræðimennsku og ekki síst af skemtilegum sögum um menn og málefni þeirra sveita sem ekið var um. Og ekki má gleyma traustum bílstjóranum, Lárusi.

Orlofsmál



Duglegir sjálfbodaliðar í Munaðarnesi að ganga frá eftir miklar framkvæmdir.

Orlofsheimili

Eins og ítarlega var skýrt í síðustu ársskýrslu var í október árið 2003 hafist handa við viðamiklar framkvæmdir á orlofssvæði St.Rv. á Úlfjótuvatni, stækkun 6 húsa, viðhaldi og endurnýjun á öðrum fjórum, nýjum innréttingum og innanstokksmunum að ógleymdum heitum pottum við öll húsin. Þessum framkvæmdum var lokið á vordögum og hinn 4. júní s.l. var verklokum fagnað í Úlfjótsskála og um leið héldu staðarhaldarar, þau Guðmundur Vignir Sigurbjarnason og Aðalbjörg Jónsdóttir upp á 10 ára starfsafmæli.

Fasteignastofa Reykjavíkur undir forystu Guðmundar Pálma Kristinssonar vann í samvinnu við félagið að undirbúningi þessara framkvæmda, Ingimundur Magnússon húsasmíðameistari átti hagstæðasta tilboðið í alla smíðavinnu og eftirlitsmaður með verkinu er Andrés Ásmundsson byggingaeftirlitsmaður.

Nokkurra byrjunarörðuleika gætti fram eftir sumri m.a vegna lágs hitastigs og lítills rennslis hitaveitunnar svo vandamál sköpuðust með stillingar og rennslis í potta og ofna. Ekki varð hjá því komist að gestir svæðisins yrðu fyrir einhverju ónæði af þessum sökum, en þeir sýndu mikla tillitssemi og yfirvegun meðan á þessu stóð og það ber að þakka.

Öllum þeim sem að þessu verki

komu, staðarhöldurum, verktökum og starfsmönnum þeirra sem og iðnaðarmönnum flytjum við alúðarpakkir fyrir vel unnin verk, frábæra viðkynningu og þolinmæði. Á engan er hallað þó nafn Andrésar Ásmundssonar eftirlitsmanns komi fyrst uppi hugann þegar hugsað er til þessa annasama framkvæmdatíma.

Þá er þess ennfremur að geta að á Akureyri var tekið til hendinni, þar sem veröndin við íbúðina í Hrisalundi var flísalögð og byggður umhverfis hana veglegur skjólþallur. Ennfremur var dytt að ýmsu innan húss ásamt nauðsynlegri endurnýjun á innanstokksmunum.

Í Munaðarnesi er stórframkvæmdum við lagningu hitaveitu, smíði sólpalla vegna niðurstæðingar heitra potta auk annarra tengdra framkvæmda að mestu lokið. Gert hafði verið ráð fyrir að húsin yrðu tilbúin í almenna útleigu fyrir sumarið, en þar eins og áður er lýst með Úlfjótuvatni komu upp vandamál sem enginn hafði reiknað með og því var ýmsu ólokið þegar fyrstu gestir svæðisins mættu til vikudvalar hinn 11. júní. Nokkur vandi hefur verið uppi varðandi rétta hitablöndun vatnsins í pottana og er þar helsta vandamálið að vöntun er á köldu vatni, en gert er ráð fyrir lagningu vatnsveitu á næsta ári. Stjórn orlofsheimilaskýrslu BSRB skorði á sjálfbodaliða að mæta í hreingern-

ingarátak helgina 4.-6. júní, síðustu helgina áður en svæðið skyldi opnað fyrir gestum. Um hundrað sjálfbodaliðar mættu til verka við hreingerningu innanhúss, lagfæringar utanhúss, s.s. tyrfinngu og stígagerð og tók landið allt miklum stakkaskiptum. "Það var gaman að sjá að ungmennafélgsandinn lifir enn og er öllum sem hlut áttu að máli færðar sérstakar þakkir fyrir framlag sitt". segir formaðurinn Jónas Magnússon í skýrslu stjórnar orlofsheimila BSRB til aðalfundar sem haldinn var í október s.l.

BSRB hefur í samstarfi við fleiri staðið að uppbyggingu golfvallar í landi Hreðavatns og hefur völlum hlotið nafnið "Glanni". Framkvæmdir eru vel á veg komnar og er stefnt að því að hann verði tilbúinn til notkunar á árinu 2006.

Ljóst er að þessar viðamiklu framkvæmdir á orlofssvæðunum hefur kostað mikla fjármuni og ekki hefur verið hjá því komist að stofna til lántöku. Enn liggja ekki fyrir endanlegar tölur um heildarkostnað og skiptingu milli nýframkvæmda og eðlilegs viðhalds og endurnýjunar.

Að vanda var í sumarbyrjun haldin hin árvissa Menningarhátíð í Munaðarnesi. Ögmundur Jónasson formaður BSRB flutti stutt ávarp og bauð gesti velkomna. Opnuð var málverkasýning Valgarðs Gunnarssonar, Anna Kristín Arngrímsdóttir leikkona las ljóð og Álfagerðisbræður fóru á kostum.

Þetta frábæra listafólk dró að sér fjölda folks og var fullt út úr dyrum, svo ekki sé meira sagt. Boðið var uppá léttar veitingar í lok hátíðarinnar.

Sömu staðarhaldarar eru í Munaðarnesi svo sem verið hefur, þau Unnur Ágústsdóttir og Kristján Tryggvason.

Fyrir hönd félagsmanna er öllum starfsmönnum orlofsbygðanna, í Munaðarnesi, á Eiðum, á Akureyri og Úlfjótuvatni færðar bestu þakkir fyrir frábært samstarf, gott viðmót og ríka þjónustulund.


Útgáfu- og upplýsingamál

Fréttabréf

Fimm tölublöð af Fréttabréfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar voru gefin út á árinu. Í ritnefnd eru þau Örn Erlendsson, starfsmaður á Árbæjarsafni, Guðjón Indriðason sem starfar á Borgarskjalasafni, Ragnhildur Helgadóttir frá ÍTR, Jakobína Þórðardóttir er ritstjóri og Sjöfn Ingólfssdóttir ábyrgðarmaður.

Tímavinnubók

Félagið gaf út í fjórða sinn tímavinnubók sem send var öllum félagsmönnum. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um starfssemi félagsins.



Heimasíða félagsins

Hönnun og vinnsla við nýja heimasíðu félagsins hefur staðið yfir, en vinna við hana hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Hún var opnuð nú um miðjan febrúar. Helsta markmiðið með endurhönnun hennar er að gera hana þægilegri í notkun fyrir félagsmenn þannig að þeir eigi sem best með að finna á henni þær upplýsingar sem þeir óska eftir. Það

er von okkar að síðan geti orðið lifandi vettvangur sem færir félagsmönnum fréttir af því starfi sem fram fer innan félagsins auk þess að vera gagn sem félagsmenn geta leitað í til þess að fletta upp á upplýsingum. Ritstjóri heimasíðu er fræðslu- og upplýsingafulltrúi félagsins Jakobína Þórðardóttir.

Veffang heimasíðunnar er www.strv.is.

Fræðslumál

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd hefur fundað reglulega á árinu. Samstarf við SFR (Starfsmannafélag ríkisstofnana) hefur verið félaginu til mikils framdráttar í fræðslumálum síðastliðin ár. Það hefur sýnt sig að þessi samvinna hefur gert báðum félögum kleift að halda úti blómlegu fræðslustarfi fyrir félagsmenn.

Fræðslunefndir félaganna hafa skipulagt fræðsludagskrána fyrir námskeið og fyrirlestra sem ganga undir heitinu "Það er gott að vita". Þau eru ætluð öllum félagsmönnum. Einnig hefur nefndin haft það verkefni að skipuleggja og undirbúa fræðslu fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn félagsins.

Markmið námskeiða og fyrirlestra fyrir almenna félagsmenn er að styrkja félagsmenn sem einstaklinga. Á árinu 2004 voru haldin nokkur

námskeið fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn félagsins, bæði grunnnámskeiðið, Samstíga til framtíðar I og svo var farið af stað með nýja útgáfu af Samstíga til framtíðar II, en því var breytt verulega frá fyrra skipulagi eftir endurskoðun þar sem unnin var ítarleg greining á þörf fulltrúanna fyrir fræðslu og þjálfun. Á nýju námskeiði er lögð ríkari áhersla á leiðtogahlutverk fulltrúanna. Mat eftir þau þrjú námskeið sem nú þegar hafa farið fram er mjög gott.

Gott að vita -námskeið og fyrirlestrar fyrir félagsmenn Mikill áhugi félagsmanna á þeim námskeiðum sem boðið hefur verið upp á hefur verið mjög uppörvandi fyrir fræðslunefnd. Þessi áhugi og ánægja með námskeiðin hafa aukið metnað á því að leggja áherslu á að

þjóða upp á bestu fánlegu leiðbeinendum.

Á vorönn 2004 voru haldin tólf námskeið og fyrirlestrar á átta mismunandi efnum.

Það voru haldin tvö námskeið undir nafninu Betri fjárhagur þar sem leiðbeinandi var Ásgeir Þór Jónsson, viðskiptafræðingur. Tvö námskeið um Geðrækt; leiðbeinandi var verkefnisstjóri hjá Geðrækt Dóra Guðrún Guðmundsdóttir. Breytingar sem tækifæri, undir stjórn Vilborgar Einarisdóttur. Deildarstjóri hjá Skattstjóranum í Reykjavík, Júlíus Hafstein, leiðbeindi félagsmönnum í að fylla út skattaframtal. Velliðan á vinnustað, með leiðbeinandanum Ingrid Kuhlman þjálfara og ráðgjafa.

Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur leiðbeindi á námskeiði um samskipti kynjanna. Þjófða átti upp á eitt

Ljósmyndanámskeið en vegna feyki mikils áhuga þá var ákveðið að bæta við tveimur námskeiðum, leiðbeinandi var Pálmi Guðmundsson. Hrafnhildur Tómasdóttir leiðbeindi á námskeiði sem kallast, Þekkirðu hæfni þína.

Á haustönn 2004 voru haldin ellefu námskeið og fyrirlestrar á átta mismunandi málefnum. Haustið byrjaði með áhugaverðum fyrirlestri um Rétt neytandans sem lögfræðingur neytendasamtakanna Ólóf Embla Einarisdóttir flutti. Fjármál heimilanna með leiðbeinandanum Björgu Sigurðardóttur. Tvö námskeið í vídeóupptökum sem Marteinn Sigurgeirsson var leiðbeindi. Ingrid Kuhlman leiðbeindi aftur á haustönn á vinsælu námskeiði sem hún kallar Velliðan á vinnustað. Ragnhildur B. Guðjónsdóttir leiðbeinandi um heimilisbókhald. Hrafnhildur Tómasdóttir var með námskeiðið Þekkirðu hæfni þína. Vilborg Einarisdóttir með Breytingar sem tækifæri og svo var boðið upp á tvö ljósmyndanámskeið. Öll námskeiðin voru vel sótt en segja má að ljósmyndanámskeiðin hafi slegið öll aðsóknarmet og langir biðlistar á þau.

Starfsmenntamála



Fræðslunefndir félaganna, St.Rv. og SFR, að störfum.

ríkisstarfsmanna innan félagsins Fræðslusetrið starfsmennt tók til starfa á grunni bókana í kjarasamningum árið 2001 milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins annars vegar og St.Rv., SFR, Kjarna og Samflots sex bæjarstarfsmannafélaga hins vegar og var stjórn þess skipuð. Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður setursins og Ásgeir M. Kristinsson skipaðir f.h. fjármálaráðuneytisins, varamenn þeirra eru Ásta Lára Leósdóttir og Sonja María Hreiðarsdóttir. Árni Stefán Jónsson, formaður setursins og Arna Jakobína Björnsdóttir voru skipuð f.h. stéttarfélaganna, varamenn þeirra eru Jóhanna Þórdórsdóttir og Jakobína

Þórðardóttir. Þórarinn Eyfjörð er framkvæmdastjóri setursins.

Markmið Fræðslusetursins Starfsmenntar er að efla símenntun ríkisstarfsmanna og hefur nú þegar fjölgað verulega tilboðum á starfstengdu námi og námskeiðum til þeirra. Unnið hefur verið að því að finna aðferðir til þess að meta náms- og þekkingarþörf innan stofnana og starfsmannahópa. Einnig hefur setrið staðið fyrir hvatningaráðstefnum um símenntun og námskeiðum fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu.

BSRB

Á heimasíðu BSRB www.bsrb.is er á aðgengilegan hátt hægt að finna allar upplýsingar um bandalagið og aðildarfélög þess, kjarasamninga, lög og reglugerðir og hvað eina sem félagsmenn fýsir að vita. BSRB-tíðindi eru gefin út a.m.k. tvisvar á ári í 20.000 eintökum og send eru öllum félagsmönnum, en þar er fjallað um ýmis málefni er varða félagsmenn okkar og greint frá helstu atburðum og verkefnum BSRB. Í skýrslu BSRB fyrir þing bandalagsins, sem haldið er þriðja hvert ár, er svo gerð ítarleg grein fyrir störfum bandalagsins á milli þinga. Árlega er einnig flutt skýrsla á aðalfundi BSRB þar sem farið er yfir verkefni á árinu sem þá er að liða.

Félagsmálaskóli BSRB eflist með hverju árinu. Forystufræðslu BSRB lauk s.l. vor

með námskeiðum í Munaðarnesi. Um 80 manns luku náminu sem hófst vorið 2003. Nám þetta var hugsað fyrir stjórnarmenn aðildarfélaganna. Námskeið í **samningatækni og verkefnastjórnun** voru haldin í Munaðarnesi s.l haust, sérstaklega með þarfir samninganefnda félaganna í huga og **grunnnámskeið fyrir trúnaðarmenn** eru haldin reglulega haust og vor.

Tungumálafræðslu BSRB var hrundið af stað um s.l. áramót. Fræðslunefnd BSRB hefur unnið að þessu verkefni á s.l. ári, en á 40. þingi BSRB var ályktað, að BSRB gerði "átak í tungumálafræðslu fyrir félagsmenn líkt og gert var með tölvufræðsluna". Skoðanakönnun sem fræðslunefndin stóð fyrir leiddi í ljós að mestur áhugi var fyrir ensku, spönsku og dönsku. Kennslan fer

fram víða um landið og þegar þetta er skrifað hafa námskeiðin verið auglýst rækilega og þau fyrstu að hefjast.

Starfslokánámskeið var haldið dagana 22., 24., og 29. nóv. s.l. Námskeið þessi eru orðin fastur liður í starfsemi og alltaf afar vel sótt. Sigurður B. Friðþjófsson er upplýsinga- og fræðslufulltrúi BSRB.

Réttindanefnd BSRB hefur haft í mörg horn að líta á s.l. ári sem endranær. Fjölmeiri réttindamál hafa verið á dagskrá sem snerta margvísleg svið, svo sem vinnuvernd, vinnurétt, evrópumál svo aðeins fátt eitt sé nefnt og hefur réttindanefnd haft flest þessara mála inná sínu borði. Á heimasíðu BSRB er öflugur réttindavefur þar sem m.a. er greint frá álitum réttindanefndar og flestu öðru er varðar réttindi

félagsmanna. Þar er m.a. að finna svör við ýmsum spurningum sem félagsmenn hafa leitað til skrifstofu BSRB um.

Eins og í síðustu samningalotu samþykkti stjórn BSRB að bandalagið leiddi umræðuna um "stóru málin" og hefur Réttindanefndin haft veg og vanda að viðræðum við ríkið, Reykjavíkurborg og launanevnd sveitarfélaga í samvinnu við BHM, og KÍ. Áherslumálin að þessu sinni eru réttindi trúnaðarmanna, aukið framlag til fjölskyldu- og styrktarsjóðs, slysatryggingar og vinnutímamál. Nokkuð hefur þokast í þessum efnun, m.a. hefur náðst niðurstaða um breytingar á tryggingakafla kjarasamninganna svo eitthvað sé nefnt, en enn er nokkuð í land að niðurstaða náist í öðrum málum sem þar eru á borðum og standa samningaviðræður enn yfir.

Lögfræði- og önnur sérfræðipjónusta BSRB við aðildarfélögin er afar aðgengileg. Daglegur aðgangur er að lögfræðingi BSRB Ernu Guðmundsdóttur og auk þess sem fastir viðtalstímar eru hálfmánaðarlega við lögmann BSRB Gest Jónsson hrl.

Hagfræðingarnir Hildigunnur Ólafsdóttir og Ragnar Ingimundarson tóku til starfa á skrifstofa BSRB snemma árs í stað Gunnars Gunnarssonar sem lét af störfum. Vinna hagfræðinganna felst m.a. í almennri aðstoð við félögin, auk þess þeim eru falin margvísleg sérfræðiverkefni og rannsóknarstörf. Þá eru ótaldir aðrir starfsmenn á skrifstofa BSRB sem allir eru sérfræðingar hver á sínu sviði og hvers manns vandamál leysa.

BSRB berst mikill fjöldi frumvarpa til umsagnar sem m.a. réttindanefnd, ýmsar

starfsnefndir og einstakir starfsmenn bera hitann og þungann af að afgreiða. Flest þessi frumvörp varða með einum eða öðrum hætti hagsmuni félagsmanna og er það því afar mikils virði að vita hve vel er að því verki staðið.

Hér hefur félagsmönnum aðeins verið gefin nokkur innsýn í hina viðamiklu starfsemi sem fram fer á skrifstofa BSRB. Þjónustan þar stendur opin öllum félögum og/eða félagsmönnum, verkefni eru mörg og krefjandi og starfsmenn skrifstofunnar skipta með sér verkum eftir sérfræðibekkingu hvers og eins.

Fyrir hönd St.Rv. færi ég starfsmönnum BSRB kærar þakkar fyrir frábært samstarf og aðstoð okkur veitta á liðnu starfsári.

Lokaorð

Í skýrslu þessari hefur verið dregið saman það helsta úr félagsstarfinu á árinu 2004. Í Fréttabréfinu og á heimasíðu félagsins er ennfremur að finna nánari umfjöllun um mörg þeirra atriða sem hér eru upp talin. Þetta var annasamt ár, fjölmargir félags-

menn, sem of langt yrði upp að telja, hafa komið að verki og eru þeim öllum færðar bestu þakkar.

Stjórnarmönnum, fulltrúum og trúnaðarmönnum þakka ég ánægjulegt samstarf og fyrir hönd félagsmanna færi ég starfs-

mönnum félagsins alúðarþakkar fyrir þeirra góðu störf.

Reykjavík í febrúar 2005

Sjöfn Ingólfssdóttir formaður

Helstu kennitölur úr félagssjóði

Yfirlit ársins 2004

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld	75.342.111
-Hlutur BSRB	<u>-18.898.909</u>
	56.443.202

Rekstrargjöld:

Stjórnar og skrifstofulaun og tengd gjöld	31.277.895
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	1.400.000

Framlög í Styrktarsjóð, Vinnudeilusjóð og Menningar- og kynningarsjóð	13.717.062
---	------------

Fundir, námskeið, fréttabréf og fleira	9.781.707
Vaxtatekjur - vaxtagjöld	673.823
Gjöld umfram tekjur	940.361

Útreikningur lífeyrisskuldbindingar hefur ekki borist en hann gæti breytt niðurstöðu yfirlitsins.

Reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofu nokkrum dögum fyrir aðalfund.

Orlofshús og íbúðir

til leigu fyrir félagsmenn sumarið 2005

Suðurland



Úlfljótsvatn

Við suðurenda Úlfljótsvatns er orlofshúsavæði St.Rv. í aðeins 70 km. fjarlægð frá Reykjavík. Þar á félagið 10 sumarhús, sem eru af tveimur stærðum. Þrjú húsanna eru með einu svefnherbergi og svefnlofti en sjö eru með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Húsin eru búin öllum venjulegum eldhúshöldum, auk útvarps, sjónvarps og kolagrills. Miklar framkvæmdir og endurbætur hafa verið gerðar á húsunum í vetur.

Nú hafa verið settir heitir pottar við öll húsin. Hús 1 – 6 hafa verið stækkuð verulega, keypt í þau ný húsgögn og nýir pallar smíðaðir við öll húsin. Gestir hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu. Sængur og koddar eru í húsunum en allt lín, rúmfatnað, handklæði o.fl. verða gestir að taka með sér. Glæsileg þjónustumiðstöð er í Úlfljótsskála með aðstöðu fyrir gesti. Gufubað, billjard o.fl. Þar fá gestir afhenta lykla að húsunum.

Vesturland



Munaðarnes og Stóru-Skógar

Á orlofshúsavæði BSRB í Munaðarnesi og Stóru-Skógum á félagið alls 13 hús af tveimur stærðum, 9 stór með svefnplássi fyrir 6-7 og 4 lítil með einu svefnherbergi (tvö rúm) og sófa í stofu. Húsin eru vel búin með sjónvarpi, útvarpi og kolagrilli. Í eldhúsum er allur venjulegur eldhúsbúnaður. Í Munaðarnesi er rúmgóð þjónustumiðstöð. Gestir fá þar afhenta lykla, sængurfatnað og hreinlætisvörur. Náttúruvegurð Borgarfjarðar er þekkt og segja má að Munaðarnes sé útivistarparadis allt árið um kring. Skemmtilegt göngu-leiðakort er hægt að fá í þjónustumiðstöðinni. Þá er sundlaug á Varmalandi svo og í Borgarnesi, sem báðar eru fjölsóttar af gestum staðarins. Golfvöllur er að Hamri, rétt utan við Borgarnes og hestaleigur nokkrar í næsta nágrenni. Athygli er vakin á því að Stóru-Skógar eru í næsta nágrenni Munaðarness og öll afgangi fyrir húsin þar er í þjónustumiðstöðinni í Munaðarnesi.

Súðavík

Í fjölbýlishúsi við Aðalgötu 2 á Súðavík hefur félagið tekið á leigu 3ja herbergja íbúð. Hún er með rúmgóðu hjónaherbergi, barnaherbergi með kojju, (ein og hálf breidd neðri koja og einbreiddri uppi). Í stofu er svefnsofi. Súðavík liggur miðsvæðis á Vestfjörðum, 19 km. eru til Ísafjarðar. Stutt er í þrjár sundlaugar og þrjár golfvöllir eru innan seilingar. Margar náttúruperlur eru í nágrenninu, má þar nefna Vigur og friðland Hornstranda.

Lyklar eru afhentir í Súðavík.



Norðurland



Akureyri

Í fjölbýlishúsi að Hrísalundi 2e á félagið góða, vel búna fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð.

Öll venjuleg búsaðhöld fylgja, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill.

Sængur og koddar fylgja, en allt lín, rúmföt, handklæði o.fl. verður fólk að taka með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.

Akureyri

Félagið hefur tekið á leigu í sumar fjögurra herbergja íbúð í Hafnarstræti 7.

Öll venjuleg búsaðhöld fylgja, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill.

Sængur og koddar fylgja, en allt lín, rúmföt, handklæði o.fl. verður fólk að taka með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.



Huldulundur í Aðaldal

Félagið hefur síðustu ár leigt þetta sumarhús í Aðaldal. Í því er svefnpláss fyrir sex - hjónaherbergi, svefnherbergi með koju og í stofu er svefnsófi.

Allur venjulegur eldhúsbúnaður og útvarp, sjónvarp og kolagrill

Sængur og koddar fylgja en rúmfatnað og annað lín þarf fólk að hafa með sér.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.



Laxárlundur í Aðaldal

Undanfarin ár hefur Starfsmannafélag Akureyrarbæjar skipt við okkur á orlofshúsi sínu í Aðaldal og húsi á Úlfljótsvatni. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, annað fyrir tvo fullorðna en hitt með kojum fyrir tvö börn. Venjulegur eldhúsbúnaður, svo og útvarp, sjónvarp og kolagrill. Tvær góðar gólfðýnur fyrir fullorðna eru í húsinu svo og barnaferðarúm. Sængur og koddar fylgja en ekki lín.

Lyklar afhentir á skrifstofu St.Rv. viku fyrir brottför.

Illugastaðir í Fnjóskadal

Gengið hefur verið frá skiptum á tveimur húsum á Illugastöðum í eigu Einingar-Iðju á Akureyri og einu húsi félagsins í Munaðarnesi og öðru á Úlfljótsvatni. Húsin eru ætluð fyrir 6 – 8 manns og eru búin öllum venjulegum húsbúnaði.

Þar er sjónvarp, útvarp og heitur pottur við sundlaug. Húsunum fylgja sængur og koddar. Rúmfatnaður fylgir ekki en hægt er að leigja hann á staðnum. Lyklar að húsunum eru hjá umsjónarmanni staðarins.



Austurland



Eiðar

Á orlofshúsasvæði BSRB að Eiðum á Starfsmannafélagið tvö hús. Hvort um sig er með þremur svefnherbergjum (svefnstæðum fyrir 6-7), stofu og eldhúsi. Húsin eru vel búin með sjónvarpi, útvarpi, kolagrilli og öllum venjulegum eldhúsbúnaði. Afgreiðsla lykla og sængurfatnaðar er á Edduhótelinu á Eiðum.

Náttúrufegurð Fljótsdalshéraðs hefur lengi verið rómuð, Hallormsstaðaskógur, Skriðuklaustur, Lagarfljótið sem liðast eftir miðju Héraðinu og Snæfell í vestri og Dyrfjöll í austri eru útverðir byggðar á svæðinu. Frá Eiðum, sem eru 10 km frá Egilsstöðum, er skammt niður á firði, sem hver um sig býr yfir sérstaklega fagurri fjallasýn.

Komdu í heimsókn!

Ný heimasíða félagsins

www.strv.is